

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 2006 í máli nr. S-1771/2005:

Ákærvaldið

(Eyjólfur Eyjólfsson fulltrúi)

gegn

Ingvari Jónadab Karlssyni

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum í Reykjavík 1. nóvember 2005 á hendur Ingvari Jónadab Karlssyni, kt. [...] Vesturhlíð 9, Reykjavík, fyrir áfengislagabrot, með því að hafa sem starfandi stjórnarformaður Karls K. Karlssonar hf., kt. [...] látið birta auglýsingu á áfengu léttvíni af tegundinni Mateus Rosé á bls. 46 og 47 í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003 sem gefið var út í október það ár, en í texta auglýsingarinnar segir m.a.: „DRINK PINK Mateus – meiriháttar!“.

Þetta er talið varða við 20. gr., sbr. 27. gr., áfengisлага nr. 75/1998, sbr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 13. júní 2004 bárust lögreglu ábendingar um að í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003 væri að finna auglýsingu sem ekki samrýmdist reglum um áfengisauklýsingar. Í rannsóknargögnum málsins er 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003. Á bls. 46 og 47 er heilsíðumynd sem ber yfirskriftina „DRINK PINK“, sem ritað er með stórum stöfum. Á myndina er einnig ritað „Mateus-meiriháttar!“ og „Vínbúðir 990 kr.“. Þá er á síðunni mynd af léttvínflösku af tegundinni Mateus Rosé og er flaskan í vínflöskukæli. Við hlið flöskunnar eru tvö léttvínsglös.

Á meðal gagna málsins er útskrift af vef Einkaleyfastofunnar. Þar kemur m.a. fram að umboðsmaður fyrir léttvíni af tegundinni Mateus Rosé sé G. H. Sigurgeirsson, Pósthólf 1337, 121 Reykjavík. Hafi skráning farið fram 20. júlí 1972. Ef farið er inn á vef Einkaleyfastofunnar kemur fram að skráningin gildi til 20. desember 2012. Þá liggur frammi afrit af tölvupóstskeyti frá starfsmanni innkaupadeildar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 21. júlí 2005. Þar kemur fram að áfengisverslunin hafi á árunum 2001 til 2005 keypt Mateus Rosé léttvín af Karli K. Karlssyni hf.

Föstudaginn 5. nóvember 2004 var ákærði boðaður til skýrslugjafar hjá lögreglu. Hann gaf síðan skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Ákærði kvaðst vera stjórnarformaður Karls K. Karlssonar hf., jafnframt því að vera eigandi fyrirtækisins. Undanfarin 5 ár hafi hann ekki verið í daglegu starfi innan fyrirtækisins. Fyrirtækið flytti inn og seldi ýmiskonar drykkjarvörur, m.a. Mateus Rosé rósavín. Talsvert áreiti hafi fylgt innflutningi og sölu á léttvíni. Hafi fyrirtækið verið kært af ýmsu tilefni í tengslum við þann innflutning. Hafi ákærði af þeim sökum tekið þá ákvörðun að vera í fyrirsvari fyrir fyrirtækið að því er varðaði atriði tengd áfengi. Umfjöllun hafa verið um Mateus Rosé léttvín í 11. tbl. Gestgjafans á árinu 2003, en fyrirtækið hafi verið að kynna nýtt útlit á flösku fyrir Mateus rósavín. Þá hafi kynningin vísað til þess að það vín væri selt í vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Kvaðst ákærði bera ábyrgð á kynningunni fyrir hönd Karls K. Karlssonar hf. Kvaðst hann telja að kynning á víninu hafi birst í tveim tímaritum. Ekki væri um auglýsingu að ræða. Tímaritið Gestgjafinn hafi verið með umfjöllun um atriði fyrir áhugafólk um mat og vín. Þrátt fyrir að ákærði bæri ábyrgð á umfjöllun í 11. tbl. Gestgjafans, fyrir hönd Karls K. Karlssonar hf., hafi hann samt sem áður ekki sjálfur tekið ákvörðun um þá tilteknu mynd er fram kæmi á bls. 46 og 47 í tímaritinu. Það hafi einhver annar starfsmaður innan fyrirtækisins gert. Hafi ákærði fyrst séð myndina eftir að kæra hafi komið fram í málinu.

Hildur Hörn Daðadóttir kvaðst á árunum 1996 til 2005 hafa starfað í fyrirtæki Karls K. Karlssonar hf. Hafi hún starfað sem deildarstjóri og haft með innflutning og sölu á áfengi að gera. Anna Þorsteinsdóttir frá tímariti Gestgjafans hafi komið að máli við Hildi og lagt til að fyrirtækið kynnti nýtt útlit á flöskum með rósavíninu Mateus Rosé. Hafi Hildur sennilega látið starfsmönnum tímaritsins í té grunnmynd fyrir kynninguna en starfsmenn tímaritsins síðan séð um að hanna kynninguna, eins og hún birtist í 11. tbl. tímarits Gestgjafans á árinu 2003. Ákærði hafi ekki komið nærri þessari kynningu. Hann hafi hins vegar, fyrir hönd fyrirtækisins, borið ábyrgð á kynningunni í blaðinu. Hildur kvaðst hafa samþykkt myndina endanlega áður en hún hafi birst í tímaritinu.

Anna Þorsteinsdóttir kvaðst hafa starfað sem auglýsingastjóri á tímaritinu Gestgjafanum í lok árs 2003. Í starfi hennar hafi m.a. falist að fá einstaklinga og fyrirtæki til að auglýsa í blaðinu. Að því er varðaði bls. 46 og 47 í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003 kvaðst Anna ekki muna hvort hún hafi í því tilviki haft samband að fyrra bragði við Karl K. Karlsson hf. vegna þeirrar myndar er hafi birst. Verið gæti að hún hafi hringt í starfsmann fyrirtækisins og gert honum grein fyrir að blaðið hefði auða síðu í tímaritinu ef fyrirtækið vildi koma kynningu eða auglýsingu í blaðið. Auglýsingar væru stundum að öllu leyti tilbúna til birtingar þegar þær kæmu í hendur á starfsmönnum tímaritsins. Viðskiptavinir litu alltaf yfir myndir til samþykkis áður en þær birtust í blaðinu. Mikil viðskipti hafi

verið við Karl K. Karlsson hf. á þeim tíma sem myndir hafi birst í 11. tbl. Gestgjafans 2003. Misjafnt hafi verið hvort frumkvæði að viðskiptum hafi komið frá fyrirtækinu eða starfsfólki tímaritsins. Anna kvaðst sennilega hafa verið í sambandi við Hildi Hörn Daðadóttur hjá Karli K. Karlssyni hf. vegna viðskipta.

Sólveig Baldursdóttir kvaðst hafa verið ritstjóri tímaritsins Gestgjafans á síðari hluta árs 2003. Kvaðst hún kannast við mynd á bls. 46 og 47 í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003. Tímaritið hafi verið með auglýsingastjóra í starfi. Auglýsingastjórinn hafi leitað sem víðast og haft yfir að ráða lista yfir þá aðila sem vildu kaupa rými fyrir auglýsingar í tímaritinu. Fyrirtækið Karl K. Karlsson hf. hafi verið þar á meðal. Fyrir auglýsingu á bls. 46 og 47 hafi örugglega verið greitt á sínum tíma. Anna Þorsteinsdóttir hafi verið auglýsingastjóri tímaritsins á þessum tíma og sennilega séð um sölu á auglýsingunni. Sólveig kvað áfengisauglýsingar hafa verið ræddar innan fyrirtækisins m.t.t. hvað heimilt væri að birta. Kvaðst hún muna eftir að sú auglýsing sem um ræðir í málinu hafi þótt bæði flott og frumleg. Sennilega hafi auglýsingin áður birst í erlendum blöðum og hún verið staðfærð fyrir íslenskan markað.

Niðurstaða:

Í gögnum málsins er eintak af 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003. Á blaðsíðum 46 og 47 er mynd sem sakarefni máls þessa er sprottið af. Myndin nær yfir báðar blaðsíðurnar. Í forgrunni myndarinnar er flaska undan rósavíni af gerðinni Mateus Rosé og tvö léttvinsglös við hliðina á henni. Yfir alla opnuna er ritað með stórum stöfum DRINK PINK, sem þýða mætti sem „Drekktu bleikt“. Til viðbótar er ritað á opnuna Mateus meiriháttar, sem er yfirlýsing um gæði þessa víns. Loks er verð á léttvinsflösku af þessari gerð tilgreint, sem og hvar hana sé unnt að kaupa.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, er hvers konar auglýsing á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. er með auglýsingu átt við hvers konar tilkynningu til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar. Að mati dómsins er með öllu óhaldbær sú staðhæfing ákærða að eingöngu sé um kynningu að ræða á nýju útliti af áfengisflöskum undan léttvíninu Mateus Rosé á bls. 46 og 47 í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003. Mateus Rosé vín er ekki selt hér á landi óáfengt eða með áfengisinnihald undir 2,25 o/o af hreinum vínanda. Á myndinni er þar af leiðandi sýnd flaska af tiltekinni áfengistegund sem almenningur er hvattur til að kaupa. Felur myndin þar af leiðandi ótvírætt í sér auglýsingu í skilningi 2. mgr. 20. gr. laga nr. 78/1998.

Þó svo ákærði viðurkenni að umrædd auglýsing stafi frá fyrirtæki hans eða hafi a.m.k. verið samþykkt til birtingar af fyrirtækinu, heldur hann í málflutningi engu að síður uppi vörnum á grundvelli þess að ekki séu uppfyllt skilyrði ákvæða 15. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, fyrir því að höfundur verði gerður refsíabýrgur vegna birtingar auglýsingarinnar. Verður því fyrst fyrir að leysa úr hvort ákærði verði talinn höfundur umræddrar auglýsingar í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, ber höfundur refsí- og fébótaábyrgð á efni rits, ef hann hefur nafngreint sig og er annað hvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða er undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað. Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina skv. 3. mgr. laganna, eða aðrir í tiltekinni ábyrgðarröð er ákvæðið tilgreinir. Ekki er við sérstakar reglur að styðjast í 15. gr. laga nr. 57/1956 um hvernig ákvarðað verði hver teljist hafa nafngreint sig sem höfundur auglýsingar eða eftir hvaða viðmiðum verði farið í því tilliti. Þá veita athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 57/1956 takmarkaðar leiðbeiningar um þetta efni. Í dómi Hæstaréttar Íslands 16. janúar 1963 í málinu nr. 164/1962 var fjallað um áfengisauglýsingar. Yfir auglýsingu í því tilviki var heiti veitingastaðar og undir henni tilvísun í talsímanúmer veitingastaðarins. Þótti veitingahúsið nafngreint sem auglýsandi. Ákærði í því máli hafði samþykkt gerð auglýsingarinnar og hlutast til um birtingu hennar. Var hann því talinn bera refsíábyrgð á henni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 25. febrúar 1999 í máli nr. 415/1998 var einnig fjallað um áfengisauglýsingar, sem birst höfðu í Morgunblaðinu. Var lýst yfir af hálfu ákærða að enginn einn væri höfundur auglýsinganna, heldur hefðu þær verið unnar af hópi manna innan fyrirtækis ákærða. Væri ákærði einn úr þeim hópi og bæri ábyrgð á honum. Fyrirtæki ákærða hafði keypt rúm fyrir umrædda auglýsingu í blaðinu. Þótti óumdeilt að auglýsingin hefði verið samin á vegum fyrirtækis undir stjórn ákærða. Auglýsingin varðaði tiltekna vöru fyrirtækisins og auk þess kom þar fram auðkenni, sem með greinanlegum hætti vísaði til fyrirtækisins og vörumerkis, sem það hafði fengið skráð. Var númer vörumerkisins tilgreint og skráningardagur þess. Að því virtu var talið að fyrir lægi nafngreining, sem fullnægði ákvæðum 15. gr. laga nr. 57/1956 og var ákærði því talinn ábyrgur fyrir birtingu umræddra auglýsinga.

Auglýsing sú sem um er dæmt í þessu máli er í talsvert veigamiklum atriðum frábrugðin auglýsingunum í tilvitnuðum málum. Í fyrsta lagi kemur nafn fyrirtækis ákærða ekki fram í auglýsingunni eða önnur skírskotun til fyrirtækisins. Í annan stað háttar svo til að vörumerkið Mateus er skráð vörumerki. Er það nr. 173 og var það skráð 20. júlí 1972. Gildir sú skráning til 20. desember 2012. Fyrirtæki ákærða er hins vegar ekki skráð fyrir vörumerkinu, heldur G. H. Sigurgeirsson, Pósthólf 1337, 121 Reykjavík. Ekkert í gögnum málsins skýrir hvort og þá hver tengsl séu á milli G.H. Sigurgeirssonar og fyrirtækis ákærða. Er það þá eingöngu yfirlýsing er starfsmaður í innkaupadeild Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins lét lögreglu í té 21. júlí 2005, sem leiðir þessi tengsl í ljós, en þar kom fram að áfengisverslunin hefði keypt Mateus Rosé af Karli K. Karlssyni hf. frá árinu 2001 til 2005.

Ábyrgðarröð samkvæmt lögum nr. 57/1956 er skýr. Er gert ráð fyrir því sem grunnreglu að höfundur, hafi hann nafngreint sig, beri ábyrgð á auglýsingu. Ef ekki er unnt að bera kennsl á höfundinn bera aðrir ábyrgðina eftir tiltekinni ábyrgðarröð. Ekki er unnt að rekja nefnda auglýsingu til ákærða og fyrirtækis hans, nema með því að leita upplýsinga um það hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þó svo önnur og strangari viðmið hafi verð lögð til grundvallar varðandi ótvíræða nafngreiningu höfundar þegar um ritað efni er að ræða heldur en þegar um auglýsingar er fjallað, þykir dóminum tengsl ákærða og fyrirtækis hans við auglýsinguna vera nokkuð fjarlæg til að jafngildi ótvíræðri nafngreiningu í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Virðist enda byggt á þeim sjónarmiðum í lögum nr. 57/1956 að það sé

útgefanda rits eða ritstjóra að láta höfund efnis nafngreina sig með fullnægjandi hætti, að öðrum kosti séu þeir sjálfir að gangast undir ábyrgð á birtingu efnis. Að mati dómsins þykir hins vegar megin máli skipta í þessu tilliti og ráða úrslitum, að til auglýsingarinnar hafði, a.m.k. að hluta til verið stofnað, og hún síðar samþykkt til birtingar af fyrirtæki undir stjórn ákærða og varðar vöru sem fyrirtækið selur. Þegar til þess er litið er það niðurstaða dómsins að ákærði sé ábyrgur fyrir birtingu umræddrar auglýsingar í Gestgjafanum, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Ákærði byggir varnir sínar m.a. á því að 20. gr. laga nr. 75/1998 brjóti gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Hefur m.a. verið vísað til dóms sænska Markaðsdómstólsins frá árinu 2003 því til stuðnings. Niðurstaða dómstólsins hafi verið sú að bann við áfengisauglýsingum, að virtum ákvæðum 28. og 49. gr. ESB samningsins, sé umfram meðalhóf, sem leiði til þess að það verði ekki talið standast samninginn.

Dómstólar hafa margsinnis slegið föstu, sbr. m.a. í dómi Hæstaréttar Íslands frá 25. febrúar 1999 í málinu nr. 415/1998, að auglýsingar njóti verndar tjáningar frelisisákvæðis 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og tjáningarfrelsisákvæðis 10. gr. mannréttinda sáttmála Evrópu, sem lögtekkinn var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar má aðeins setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum, við tiltekna þar tilgreindar aðstæður. Hafa dómstólar jafnframt slegið föstu að þau rök sem búi að baki 20. gr. áfengislaga, eigi sér efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu. Hafi löggjafinn metið auglýsingabann áfengis nauðsynlegt og ítrekað það mat eftir að núgildandi tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi verið sett. Ákærvald hefur lagt fyrir dóminn Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001. Þá hefur ákærvald lagt fyrir dóminn aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar varðandi áfengi sem tekur til árána 2000 til 2005. Gögn þessi gefa ótvíræða vísbendingu um að ekki hafi verið horfið frá fyrri niðurstöðum, sem dómstólar hafa lagt til grundvallar niðurstöðum í málum af þessum toga, um að áfengisauglýsingar hafi áhrif til aukinnar neyslu áfengis, ekki síst á meðal yngri aldurshópa. Skiptir sú niðurstaða sköpum þar sem talið hefur verið óumdeilt að ofneysla áfengis fylgi vandamál af ýmsum toga, sem meðal annars varði allsherjarreglu, siðgæði og heilsu. Með vísan til þessa er ekki fallist á að beiting 20. gr. laga nr. 75/1998 feli í sér brot á tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrár og mannréttinda-sáttmála Evrópu.

Þá byggir ákærði varnir sínar á því að ákvæði 20. gr. áfengislaga brjóti í bága við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 2/1993. Er sérstaklega vísað til bókunar nr. 47 við samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, en bókunin kveði á um að heimila skuli markaðssetningu á léttvíni sem upprunnið er á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er vísað til dóma EFTA dómstólsins, m.a. í máli nr. E-4/04 Pedicel AS og Social- og helsedirektoratet, varðandi túlkun reglna EES samningsins um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti. Að mati dómsins má með réttu halda fram að ákvæði 20. gr. áfengislaga geti falið í sér tæknilegar hindranir í viðskiptum með vín. Löggjafinn hefur hins vegar metið það svo að þau rök sem búi að baki banni við auglýsingum á áfengi skipti slíku máli fyrir lýðheilsu og allsherjarreglu að rétt sé að takmarka viðskipti með áfengi með þeim hætti að óheimilt sé að auglýsa áfenga drykki. Má um þessi sjónarmið vísa til

umfjöllunar um ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar hér að framan. Á grundvelli þessa verður ekki talið að slíku banni verði vikið til hliðar með vísan til þess að ákvæðið brjóti í bága við bókun 47 við EES samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Verður varnarástæðu ákærða á þessum grundvelli því einnig hafnað.

Loks byggir ákærði varnir sínar á því að títtnefnd 20. gr. áfengislaga brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Er vísað til þess að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins auglýsi áfengi með ýmsu móti, m.a. með umfjöllunum í blöðum og tímaritum. Þá sitji ekki allir við sama borð að þessu leyti og meggi um það vísa til ákvæða 1. tl. 4. mgr. 20. gr. áfengislaga, en greinin mæli fyrir um að auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt séu til landsins séu undanþegin banni við áfengisauklýsingum, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er ekki undanþegin banni við auglýsingu á áfengi samkvæmt 20. gr. áfengislaga. Ber versluninni í einu og öllu að lúta sömu reglum og um aðra gildir að því leyti. Er tilvísun í 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki haldbær fyrir ákærða. Þá liggur fyrir það mat lögjafans að næsta vonlaust væri að banna allan innflutning á erlendum blöðum eða tímaritum þar sem áfengisauklýsingar væru birtar eða láta fjarlægja auglýsingar úr innfluttum tímaritum. Er staða ákærða og erlendra aðila ekki sambærileg um þetta, en það er skilyrði fyrir beitingu ákvæðis 65. gr. stjórnarskrárinnar að hún taki til einstaklinga eða lögaðila í sömu stöðu. Verður vörn ákærða á þessum forsendum einnig hafnað.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi brotið gegn ákvæði 20. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 75/1998 með því að láta birta auglýsingu á bls. 46 og 47 í 11. tbl. tímaritsins Gestgjafans á árinu 2003. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru.

Ákærði er fæddur í september 1947. Hann gekkst undir sátt 18. janúar 2005 fyrir hraðakstur og brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi er máli skiptir um refsíákvörðun. Brot ákærða er framið áður en hann gekkst undir sáttina 18. janúar 2005 og því hegningarauki. Ber að ákvarða refsingu með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við lög þannig að máli skipti fyrir niðurstöðu þessa máls. Á hinn bóginn verður að líta til þess að um er að ræða brot sem framið er í ávinningsskyni og varðar mikilvæga hagsmuni. Með hliðsjón af þessu er refsing ákærða ákveðin 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, ella sæti ákærði fangelsi í 14 daga.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir framvindu málsins fyrir dómi. Málið var þingfest 29. nóvember 2005. Ákærði mætti ekki til þinghalds og var málinu frestað til 15. desember 2005. Í þinghaldi þann dag neitaði ákærði sök. Verjandi ákærða boðaði þá að hann væri að hugleiða að leita ráðgefandi álits EFTA dómstólsins á atriðum tengdum sakarefninu. Var málinu frestað til 23. janúar 2006 í því skyni. Á dómþingi þann dag leitaði verjandi ákærða eftir fresti varðandi hið ráðgefandi álit, en hann kvað dóm í samkynja máli er til meðferðar væri við

dómstólinn skipta máli um hvort álits yrði leitað. Með vísan til þess var málinu frestað. Þann 31. mars 2006 lagði verjandinn fram beiðni um ráðgefandi álit. Ákærvald mótmælti því að álits yrði leitað á dómþingi 10. apríl 2006 og var málinu frestað til flutnings um það atriði til 5. maí 2006. Þann dag fór fram málflutningur. Með úrskurði héraðsdóms 17. maí 2006 var kröfu verjanda um ráðgefandi álit hafnað. Verjandinn skaut þeim úrskurði til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi 24. maí 2006 staðfesti úrskurð héraðsdóms. Sökum þess að ógjörningur reyndist að finna tíma til aðalmeðferðar fyrir sumarleyfi var ákveðið að aðalmeðferð málsins færi fram 6. október 2006. Fór hún fram þann dag og framhaldsaðalmeðferð 10. október sl.

Af hálfu ákærvalds flutti málið Eyjólfur Eyjólfsson fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Jónadab Karlsson, greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 14 daga.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Geirs Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 328.680 krónur.

Simon Sigvaldason.